



6. desember 2023

Tilv.: 2110199

Dreifibréf nr.: 34/2023

Dreifibréf til eftirlitsskyldra aðila og annarra sem málið varðar

**Efni: Gildistaka laga um fjármögnunarviðskipti með verðbréf og drög að reglum Seðlabanka Íslands.**

Þann 1. janúar 2024 taka gildi lög nr. 41/2023 um fjármögnunarviðskipti með verðbréf sem innleiða reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2365 frá 25. nóvember 2015 um gagnsæi í fjármögnunarviðskiptum með verðbréf (SFTR).

Seðlabankinn hefur gefið út umræðuskjal nr. 17/2023 sem inniheldur drög að nýjum reglum um fjármögnunarviðskipti með verðbréf. Reglunum er ætlað að innleiða sjö undirgerðir SFTR gerðarinnar og verða þær settar með stoð í 1.-3. og 6. tölulið 2. mgr. 17. gr. laga nr. 41/2023 um fjármögnunarviðskipti með verðbréf, og 5. tölulið 2. mgr. 15. gr. laga nr. 15/2018 um afleiðuviðskipti, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár. Stefnt er að því að reglurnar taki gildi 1. janúar 2024. Er viðtakendum þessa dreifibréfs gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við drögin. Skjölin eru birt á vefsíðu Seðlabanka Íslands: <https://www.fme.is/log-og-tilmaeli/umraeduskjol>.

Fjármögnunarviðskipti með verðbréf geta haft í för með sér uppsöfnun vogunar, sveifluaukningu og innbyrðis tengsl á fjármálamörkuðum. Með SFTR reglugerðinni fá eftirlitsaðilar auknar upplýsingar um fjármögnunarviðskipti með verðbréf svo þeir geti haft eftirlit með áhættu vegna slíkra viðskipta.

Samkvæmt 11. mgr. 3. gr. SFTR teljast eftirfarandi viðskipti vera fjármögnunarviðskipti með verðbréf:

- endurhverf viðskipti,
- verðbréfa- eða hrávörulánveiting og verðbréfa- eða hrávörulántaka,
- kaup/endursala eða sala/endurkaup,
- viðbótarlánveiting vegna kaupa/sölu verðbréfa,

Skilgreiningar á framangreindum tegundum fjármögnunarviðskipta má finna í 7., 8., 9. og 10. mgr. 3. gr. SFTR.

Samkvæmt 4. gr. SFTR skulu mótaðilar að fjármögnunarviðskiptum með verðbréf veita viðskiptaskrá, sem er skráð í samræmi við 5. gr. eða viðurkennd í samræmi við 19. gr., upplýsingar um öll fjármögnunarviðskipti með verðbréf sem þeir hafa gert og um allar breytingar eða uppsögn á þeim. Upplýsingarnar skal veita eigi síðar en næsta virka dag eftir gerð, breytingu eða uppsögn viðskiptanna.

Frekari upplýsingar um skýrslugjafarskylduna á grundvelli 4. gr. SFTR má finna í afleiddum reglugerðum ESB 2019/356 og 2019/363, sbr. drög að reglum í meðfylgjandi

umræðuskjali, og viðmiðunarreglum evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar ESMA sem voru gefnar út 29. mars 2021.

Mótaðilar geta verið fjárhagslegir og ófjárhagslegir. Fjárhagslegir mótaðilar geta t.d. verið verðbréfafyrirtæki, lánastofnun, váttryggingarfélag, verðbréfasjóður og sérhæfður sjóður. Ófjárhagslegur mótaðili er fyrirtæki annar en fjárhagslegur mótaðili.

Mótaðili sem fellur undir skýrslugjafarskylduna getur falið öðrum að veita upplýsingarnar um fjármögnunarviðskipti með verðbréf. Þá skulu mótaðilar halda skrá yfir öll fjármögnunarviðskipti með verðbréf sem þeir hafa átt, breytt eða sagt upp í a.m.k. fimm ár eftir að viðskiptunum lýkur.

Vakin er athygli á því að rekstrarfélög verðbréfasjóða, fjárfestingarfélög verðbréfasjóða og rekstraraðilar sérhæfðra sjóða skulu upplýsa fjárfesta um notkun sína á fjármögnunarviðskiptum með verðbréf og heildarskiptasamningum, sbr. 13. og 14. gr. SFTR.

Mótaðili sem tekur við veðtryggingu vegna réttinda til að endurnota fjármálagerninga samkvæmt veðtryggingarfyrirkomulagi skal upplýsa mótaðilann sem leggur hana fram, skriflega og með tilhlýðilegum hætti, um áhættu og afleiðingar, sbr. 15. gr. SFTR.

Ákvæði 4. og 15. gr. SFTR gilda ekki um seðlabanka innan EES, aðrar stofnanir sem gegna sambærilegum hlutverkum eða aðra opinbera aðila sem sjá um eða hafa afskipti af stjórnun skulda ríkissjóðs. Þá gildir ákvæði 4. gr. SFTR ekki um viðskipti sem seðlabankar innan EES eru mótaðilar að.

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands beinir því til eftirlitsskyldra aðila og annarra sem málið kann að varða að kynna sér efni laga nr. 41/2023 og SFTR reglugerðarinnar. Hægt er að senda fyrirspurnir á netfangið [sftr@sedlabanki.is](mailto:sftr@sedlabanki.is).

Óskað er eftir því að athugasemdir umsagnaraðila við meðfylgjandi umræðuskjal berist eigi síðar en 15. desember nk. Óskað er eftir að umsagnir séu ritaðar á þar til gert umsagnareyðublað sem finna má á vefsíðu Seðlabanka Íslands, sbr. nánari skýringar í umræðuskjali. Umsagnareyðublaðið skal sent á netfangið [skjalasafn@sedlabanki.is](mailto:skjalasafn@sedlabanki.is).

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Linda Kolbrún Björgvinsdóttir  
framkvæmdastjóri  
háttsemiseftirlit

Hörður Tulinius  
sérfræðingur  
háttsemiseftirlit

Fylgiskjal: Umræðuskjal – Reglur um fjármögnunarviðskipti með verðbréf  
Fylgiskjal: Umsagnareyðublað

